

# Þingflokksfundur Pírata

Miðvikudaginn 21. febrúar 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 34/148

## Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JÞÓ) (í fjarfundi) Smári McCarthy (SMC) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)

## Fundargerð

### 1. Þingstörfin framundan

Miðvikudagur 21. febrúar

Störf þingsins, BLG kemur í stað SMC.

HHG og ÞSÆ munu taka til máls í sérstakri umræðu um stöðu löggæslumála.

Fimm þingmannamál á dagskrá, þar af tvö frá BLG.

Fimmtudagur 22. febrúar

Óundirbúnaðar fyrirspurnir. HM mun ræða við félags- og jafnréttismálaráðherra.

Kosningar í bankaráð Seðlabanka Íslands, Fjármálaráð, Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Rætt um mögulega kosti í bankaráð Seðlabanka Íslands. Tillaga um aðalmann og varamann í bankaráð lögð fram og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Nöfn aðila bundin trúnaði tímabundið þangað til málið hefur verið afgreitt á þingfundi.

### 2. Bréf þingflokksformanns

Bréf frá sameiginlegum fundi forsætisnefndar með þingflokksformönnum. Til umfjöllunar birting þingfararkostnaðar. Lagt til að fara yfir gögn af fundinum á næstunni. Til umræðu hversu langt aftur upplýsingar verði birtar. Rætt um næstu skref í birtingu þingfararkostnaðar og framfylgni með reglum forsætisnefndar. Einnig rætt um breytingar á fyrirkomulagi um mælendaskrá í störfum þingsins.

### 2A. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir störfum sínum í fastanefndum.

### 3. Beiðni um áheyrnaraðild að þingflokksfundum

Þórólfur Júlían Dagsson fyrir hönd Pírata á Suðurnesjum og Margrét Þórólfsdóttir til vara. Samþykkt.

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson fyrir hönd Pírata í Reykjavík. Samþykkt.

Tillögu framkvæmdaráðs að áheyrnarfulltrúum vísað frá vegna formgalla. Rætt um að gera smávægilega breytingu á þingflokksamþykkt til að skýra hana betur.

#### **4. Munnleg fyrirspurn til dómsmálaráðherra**

Umræða um mögulega munnlega fyrirspurn til dómsmálaráðherra. Baldur mun senda inn munnlega fyrirspurn.

#### **5. Skipun þingmannanefndar um stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands**

BLG og HM bjóða sig fram. Samþykkt án atkvæðagreiðslu.

#### **6. Utanlandsferðir**

Rætt um fyrirhugaðar utanlandsferðir starfsfólks og þingmanna og dagskrá samræmd.

#### **7. Innra starf Pírata**

Fundarlið frestað.

#### **8. Starfsfólk þingflokks Pírata**

Fundarlið frestað.

#### **9. Önnur mál**

- Ósk um fulltrúa á fund starfshóps um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnýslu  
BLG verður fulltrúi Pírata, HHG mun sjá um að tilkynna það.

- Fundur með klúbbum Geysi

Lagt til að halda fund með klúbbum Geysi, ÞSÆ og HHG hyggjast sitja hann. ERR skipuleggur fundinn.